

Fjölrit RALA nr. 106

RALA Report No. 106

Fæðudeild - 3. rit

Food and Nutrition Dept. - No. 3

Rannsókn á unnum kjötvörum

Ólafur Reykdal
Guðjón Þorkelsson
Garðar Sigurþórsson
Ágúst Ó. Sigurðsson
Elín Hilmarsdóttir
Dóróthea Jóhannsdóttir
Jón Óttar Ragnarsson



RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS

AGRICULTURAL RESEARCH INSTITUTE

KELDNAHOLT, 110 REYKJAVÍK, ICELAND

ÁGÚST-1984

Fjölrit RALA – RALA Report

106

Fæðudeild, 3. rit – Food and Nutrition Dept., No. 3

RANNSÓKN Á UNNUM KJÖTVÖRUM

Ólafur Reykdal
Guðjón Þorkelsson
Garðar Sigurþórsson
Ágúst Ó. Sigurðsson
Elín Hilmarsdóttir
Dóróthea Jóhannsdóttir
Jón Óttar Ragnarsson

Útgefandi [Publisher]:

**Rannsóknastofnun landbúnaðarins
The Agricultural Research Institute
Keldnaholt, Reykjavík, Iceland**

Umsjón:

Tryggvi Gunnarsson

EFNISYFIRLIT

KAFLI	HEITI	BLS.
-------	-------	------

	ÁGRIP	1
1	INNGANGUR	3
2	SÝNATAKA OG MEÐFERÐ SÝNA	4
3	MÆLIADFERÐIR	8
4	ÁREIDANLEIKI OG NÁKVÆMNI MÆLINGA	13
5	TÖLFRÆÐILEGT UPPGJÖR	22
6	NIDURSTÖÐUR	23
	VIÐAUKI: TÖFLUR	39
	HEIMILDIR	137

ÁGRIP

Skipulag rannsókna. Mælt var magn næringarefna auk nítrats og nítríts í 23 tegundum af unnum kjötvörum. Sýna var aflað hjá þremur framleiðendum fyrir hverja afurð og sýni tekin úr fjórum lögnum hjá hverjum. Framleiðendurnir voru valdir þannig að þeir hefðu umtalsverða markaðshlutdeild fyrir viðkomandi afurð. Mæld voru 3 orkuefni (hvíta, fita og kolvetni), þurrefni, salt, aska, nítrat og nítrít. Í hluta sýnanna voru auk þessa mæld 2 vítamín (þíamín eða B₁ vítamín og ribóflavín eða B₂ vítamín) og 8 steinefni (kalk, magníum, fosfór, natríum, kalíum, járn, zink og kopar).

Niðurstöður þær sem hér eru birtar gefa tilefni til margvíslegrar umræðu og vekja auk þess fjölda spurninga sem ekki verður hægt að svara á þessu stigi. Hér verður aðeins fjallað um helstu ályktanir sem draga má af niðurstöðunum.

(a) Breytileiki í samsetningu margra afurða er umtalsverður. Á það ýmist við um samanburð milli framleiðenda eða milli lagana frá sama framleiðanda. Því þarf að athuga hvort ekki megi staðla þessar vörur meira.

(b) Súrsun hefur veruleg áhrif á efnasamsetningu. Mest er aukning á kalki en það kemur úr mysunni. Einnig eykst magn ribóflavíns (B₂ vítamíns) í sumum tilfellum. Magn þíamíns (B₁ vítamíns) og annarra steinefna lækkar. Súrsun hefur því nokkra kosti frá næringarfræðilegu sjónarmiði og væri tímabært að athuga hvort gera ætti hlut súrsunar meiri í matvælavinnslu á Íslandi.

(c) Lifrarafurðir (lifrarpylsa og lifrarkæfa) eru sérlega auðugar af vítamínum og snefilsteinefnunum járn og kopar. Blóðmör er þó í sérflokkki hvað varðar hátt járninnihald.

(d) Margar unnar kjötvörur eru mjög orkuríkar, aðallega vegna mikils fituinnihalds. Þörf er á því að athuga möguleika á framleiðslu fleiri magrari afurða.

(e) Magn nítrata og nítríta mældist ekki yfir þeim mörkum sem sett eru í reglugerð. Hafa verður þó í huga að ekki voru tekin sýni hjá öllum framleiðendum. Sérstaklega vantar upplýsingar um smærri framleiðendur.

(f) Nokkrar afurðir innihalda mikið salt (allt að 7%). Þær helstu eru spægipylsa, saltkjöt, hangikjöt og rúllupylsa.

(g) Magn þíamíns og ríbóflavíns í reyktum og nítrít-söltuðum afurðum er síst minna en í öðrum afurðum. Vitað er að nítrít eyðir þíamíni, en í þessum afurðum gæti t.d. hvítan verið vörn gegn eyðingunni.

1. INNGANGUR

Tilgangurinn með þeirri rannsókn sem hér verður greint frá var að afla upplýsinga um næringargildi unninna kjötvara á Íslandi. Tilfinnanlega hefur vantað upplýsingar um ýmis næringarefni í þessum afurðum. Leitast var við að taka nógu mörg sýni til að geta athugað breytileikann í samsetningu þessara afurða.

Undirbúningur mælinga hófst í mars 1983. Samband var þá haft við sex framleiðendur unninna kjötvara og þeir beðnir um að útvega sýni til mælinga. Framleiðendur tóku allir mjög vel í ósk Fæðudeildar og hófst sýnataka í júní og lauk henni í nóvember 1983. Alls voru 223 sýni efnagreind og gerðar á þeim rúmlega 2000 efnagreiningar. Mælingum var lokið í mars 1984.

Framleiðsluráð landbúnaðarins styrkti þessa rannsókn með því að borga laun tveggja matvælafræðinga, sem störfuðu með öðrum starfsmönnum Fæðudeildar að verkinu. Sýni voru að mestu greidd af framleiðendum.

Yfirumsjón með allri skipulagningu rannsóknanna hafði Dr. Jón Óttar Ragnarsson forstöðumaður Fæðudeildar RaLa. Guðjón Þorkelsson annaðist sýnatöku af hálfu deildarinnar. Eftirtaldir starfsmenn sáu um þróun mæliaðferða, blöndun sýna og efnagreiningar: Ólafur Reykdal og Garðar Sigurþórsson, sem unnu að verkefnunum allan tímann. Dórothea Jóhannsdóttir vann við rannsóknina þar til í desember 1983. Ágúst Ó. Sigurðsson tók síðan við af henni. Elín Hilmarsdóttir vann að hluta við þessi verkefni allt tímabilið. Ragnheiður Héðinsdóttir vann við rannsóknina sumarið 1983.

Guðjón Þorkelsson og Emma Eypórsdóttir sáu um uppgjör á niðurstöðum.

Eftirtaldir aðilar aðstoðuðu við sýnatöku: Niels Hjalta-son og Ingólfur Baldvinsson hjá Sláturfélagi Suðurlands, Sigurður Örn Hansson og Guðrún E. Gunnarsdóttir hjá Kjöt-
iðnaðarstöð SÍS, Magnús Guðmundsson hjá Kjötveri, Einar Sigurðs-son hjá Síld og fiski, Kristján Kristjánsson hjá Búrfelli og Stefán Vilhjálmsson hjá Kjöttiðnaðarstöð KEA.

Við viljum þakka Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir veittan stuðning svo og öllum þeim sem aðstoðuðu við framkvæmd verkefnisins.

2. SÝNATAKA OG MEDFERD SÝNA.

Tekin voru sýni af 23 tegundum af unnum kjötvörum. Öll sýni voru tekin hjá framleiðendum. Fyrir hverja unna kjötvöru voru valdir þrjár framleiðendur. Haft var í huga að þeir hefðu stóran hluta markaðarins fyrir viðkomandi vöru. Sýni voru fengin frá eftirtöldum framleiðendum : Á Akureyri, Kjöttiðnaðarstöð K.E.A. Í Hafnarfirði , Síld og fiskur. Í Reykjavík, Kjöttvinnsla Sláturfélags Suðurlands, Búrfell, Kjöttver og Kjöttiðnaðarstöð Sambandsins. Fyrir nokkrar kjötvörur (Kálfabjúgu, súrsað slátur og niðursoðna lífrarkæfu) tókst ekki að útvega sýni frá þremur framleiðendum og eru þeir þá ýmist einn eða tveir.

Sýni voru tekin úr fjórum lögunum hjá hverjum framleiðanda. Þessi sýnataka dreifðist á tímabilið júní til nóvember 1983. Sýnin áttu því að gefa góða mynd af þessum kjötvörum. Ekki leiðneinn ákveðinn tími milli sýnatöku hjá sama framleiðanda. Taka varð tillit til þess sem var verið að framleiða og þess gætt að ekki væri tekið nema eitt sýni úr hverri lögun. Sviðasýnin höfðu þá sérstöðu að þau höfðu verið geymd frá því í sláturtíðinni 1982. Nokkrir hausar voru valdir af handahófi í hvert sýni. Af súrsuðum sýnum urðu laganir færri en fjórar.

Í töflu 1 eru taldar upp þær unnu kjötvörur sem voru efna- greindar. Vegna þess hve vítamín- og steinefnamælingar tóku mikinn tíma, voru þessi efni ekki mæld í öllum sýnum. Sýnin fóru því ýmist í gröfgreiningu eða heildargreiningu. Í gröfgreindum sýnum voru mæld orkuefni (hvíta, fita og kolvetni), þurrefni, aska, salt, níturat og nítítt. Í heildargreindum sýnum bættust svo við mælingar á vítamínum og steinefnum. Tíu afurðir fóru í gröfgreiningu en þrettán í heildargreiningu. Mynd 1 sýnir skipulag efna- greininganna.

Magn sýna sem tekin voru var mismunandi eftir eðli þeirra. Fyrir farsvörur var miðað við að sýni væri um 1 kg. Af vöðva- vörum voru sýni um 3 kg.

Við komu til RALA voru sýni fryst ef þau voru ekki jöfnuð samdægurs eða daginn eftir.

Tafla 1. Afurðir sem voru efnagreindar.


Grófgreining

<u>Afurð</u>	<u>Fjöldi sýna</u>
Hangiálegg	12
Skinka	12
Hrátt beikon	12
Hrátt kjötfars	16
Kjötbúðingur	12
Kálfabjúgu	4
Malakoff	12
Rúllupylsa	12
Spægipylsa	12
Niðursoðin lifrarkæfa	5

Heildargreining

<u>Afurð</u>	<u>Fjöldi sýna</u>
Hrátt hangikjöt	12
Hrátt saltkjöt	12
Svið	8
Sviðasulta	10
Súrsuð sviðasulta	2
Kindabjúgu	12
Vínarpylsur	12
Kindakæfa	9
Blóðmör	10
Súrsaður blóðmör	3
Lifrarkæfa	8
Lifrarpylsa	12
Súrsuð lifrarpylsa	3

Mynd 1. Skipulag rannsóknarinnar.



Aðalreglan var sú að efnagreina soðnar kjötvörur tilbúnar til neyslu. Frá þessu voru þó fjórar undantekningar: hangi-kjöt, saltkjöt, kjötfars og beikon, en þessi sýni voru jöfnuð og efnagreind hrá. Svið, blóðmör og lifrarpylsa voru soðin á RaLa eins og venja er til fyrir neyslu. Afurðir sem aðeins átti að hita fyrir neyslu voru þó ekki hitaðar á RaLa. Hálfsoðin kindabjúgu voru soðin þannig að þau yrðu sambærileg við önnur bjúgu sem aðeins átti að hita fyrir neyslu. Önnur sýni voru ekki soðin eða hituð á RaLa.

Vöðvavörurnar voru jafnaðar í lítilli farsvél með hnífum og skál úr ryðfríu stáli. Farsvörur voru jafnaðar í Moulinette kvörn með stálhníf og plasttrogi og skömmtunum blandað saman í skál.

Jöfnuð sýni voru sett í litlar plastdósir. Ein dós var notuð fyrir hverja útvigtun fyrir efnagreiningar. Auk þess voru tvær dósir hafðar til vara. Dósinar voru síðan settar í frysti samdægurs. Þurrefni var þó mælt í ófrosnu sýni sama dag. Dósinar urðu um 2300 svo nauðsynlegt var að flokka þær eftir næringar-efnum í frystigeymsluna.

Reynt var að koma í veg fyrir að sýni menguðust frá umhverfinu. Þegar jöfnuð voru heildargreiningarsýni var reynt að láta þau ekki komast í snertingu við annað en plast og ryðfrítt stál. Fyrir þessi sýni voru einnig allir snertifletir og hnífar skolaðir með eimuðu vatni og þurrkaðir.

Dósir sem voru notaðar undir sýni til steinefnaeininga voru skolaðar með eimuðu vatni og láttnar þorna.

Kalk getur auðveldlega hækkað við undirbúning á sýnumef eitt-hvað kvarnast úr beinum þegar vöðvi er skorinn frá. Þetta kemur fram í okkar niðurstöðum (sjá svið). Líta má svo á, að það sama sé uppi á teningnum þegar þessara fæðutegunda er neytt.

3. MÆLIADFERDIR

Hvíta

Hvítumælingin byggist á því að sýnin voru oxuð í brenni-steinssýru og síðan framkvæmd litmæling við 660 nm.

Framkvæmdin var eins og áður hefur verið lýst (1), nema sýnin voru vigtuð á pappír á analysuvog og pappírinn var síðan oxaður með sýninu. Köfnunarefni var ekki mælanlegt í pappírnum.

Hvítufaktorinn 6.25, var notaður fyrir öll sýni.

Fita

Fitumæling var framkvæmd með því að draga fituna út með eter, þurrka hana og vigta síðan.

Notað var svokallað Soxtec fitumælingatæki frá Tecator. Sýnin voru vigtuð í hulsur og þurrkuð í ofni við 100°C. Hrá sýni (saltkjöt, hangikjöt og kjötfars) voru blönduð með sandi fyrir þurrkun. Fitan var dregin út með dietyleter og safnaðist hún í sérstaka bolla í tækinu. Hulsur voru síðan fjarlægðar og eterinn eimaður burt. Fitumagn var loks ákvarðað með vigtnu.

Kolvetni

Kolvetni voru ákvörðuð með litmælingu eftir vatnsrof með veikri brennisteinssýru undir þrýstingi. Glúkósan sem myndaðist var látin hvarfast við σ -díanisidín með aðstoð hvatanna glúkósu oxidasa (GO) og peroxidasa (P).

- (1) Glúkósa \xrightarrow{GO} glúkonsýra + H_2O_2
- (2) $2 H_2O_2 \xrightarrow{P} 2H_2O + O_2$
- (3) $O_2 + \text{díanisidín} \rightarrow \text{oxað díanisidín}$

Oxað díanisidín er hægt að mæla með litmælingu við 455 nm. Notaður var Spectra - Plus litmælir. Staðlar voru útbúnir úr hreinni sterkju. Niðurstöður voru gefnar upp sem g sterkja /100 g sýni.

Þessi aðferð er fengin frá Slagteriernes Forskningsinstitut í Roskilde (2).

Purrefni

Frankvæmd purrefnismælingar var þannig: Af hökkuðu sýni voru vigtuð 6 g í 100 ml bikarglas með þurrkuðum sandi og glerstaf. Eftir að sandinum hafði verið blandað saman við sýnið, var þurrkað við $102 \pm 1^\circ\text{C}$ yfir nótt.

Aska og salt

Aska var fundin með vigtun eftir brennslu á sýnum og salt var mælt með títrun á Öskulausn samkvæmt Mohr-aðferð.

Sýni voru þurrkuð í 50 ml bikargösum, fitan var síðan látin rjúka burt á rafmagnshellu og loks brennt við um 525°C yfir nótt. Eftir vigtun var askan leyst upp með heitu vatni og lausnin síðan síuð. Sýrustig var stillt á pH 8-9 með brennisteinssýru og bikarbónati. Títtrað var með silfurnítrat staðal-laun og kalíumkrómat notað sem indikator. (3)

Nítrat og nítrít

Notuð var aðferð Technicon fyrir Auto Analyzer II^R (5,3).

Sýni voru undirbúin með því að sjóða þau fyrst í vatni í 250 ml glösum í sérstakri hitunarblokk. Eftir síun var tær síuvökvi notaðar til litmælingar. Mælingin sjálf var að mestu sjálfvirk.

Aðferðin byggir á því að nítrítjónir hvarfast við súlfanílamíð og mynda díazósamband. Það myndar svo rauðbleikan lit með N-1-naphtylethylenedíamín díhydróklóríði. Litmæling er síðan gerð við 550 nm.

Nítrat var mælt með því að afoxa það í nítrít á kadmíumsúlu sem hægt var að fella inn í blöndunarkerfið í Auto-Analyzer. Nítratmagnið var síðan fundið sem mismunur á mæliniðurstöðunum.

Niðurstöður voru gefnar upp sem ppm (mg/kg) kalíum nítrat og natríum nítrít. Notaðir voru bæði kalíum nítrat og natríum nítrít staðlar. Við útreikning á nítrati var svo leiðrétt vegna mismunandi mólþunga.

Ríbóflavín

Notuð var aðferð sem byggði á flúrljómun ríbóflavíns. Þetta er sama aðferð og notuð hefur verið áður (1). Eftirfarandi atriði voru frábrugðin: Af kjötsýnum voru vigtuð 6 g í glerkrúkkur. Fyrir lifrarafurðir var þó vigtað minna magn. Eftir að sýru hafði verið bätt í var hrist svo kekkir leystust upp. Hvatalausn sem notuð var innihélt takadiastasa, papaín og súran fosfatasa. Á lokum var böffer vigtaður saman við þannig að lausnin yrði um 100 g.

Við mælingu var notaður ytri staðall. Blankgildi voru ekki mælanleg. Viðmiðunarsýni (undanrennuduft) var mælt í hvert skipti.

Þíamín

Aðferð 1. Um er að ræða sömu aðferð og notuð var við rannsókn á mjólk (1). Þetta er þíókrómaðferð þar sem flúrljósmeiðing er að hluta sjálfvirk.

Bæði þíamín og ríbóflavín voru mæld í sama síuvökva. Síuvökuvinn var ekki hreinsaður fyrir þíamínmælingu. Allt ísóbútanól var eimað við 105-108°C. Notaður var ytri staðall og viðmiðunarsýni (undanrennuduft) var mælt í hvert skipti.

Endurbætur á mæliaðferð. Eftir að öll sýni höfðu verið mæld varð ljóst að hangikjötssýni þyrftu frekari meðhöndlun þar sem mjög há mæligildi fengust. Reynt var að hreinsa sýnin með ísóbútanól útdrætti fyrir oxun (6) en hann breytti litlu. Þá var reynt að hreinsa sýnið á decalso súlu (7) en heimtur af súlunni voru óreglulegar. Á lokum reyndist vel aðferð sem byggir á endurbættri blankmælingu og innri staðli (8). Þíamín í hangikjöti mældist lægra með þessari aðferð, en þíamín í öðrum sýnum var svipað.

Aðferð 2. Sami búnaður frá Techicon var notaður og við mælingar með aðferð 1. Eftirfarandi atriði voru frábrugðin: Notaður var innri staðall. Hvert sýni var undirbúið fyrir blankmælingu með því að gera fjóra ml af síuvökva basíska með natríum hydroxíði og bæta síðan í tveimur dropum af bensensulfonylklóríði. Hrist var á Vortex hristara. Með þessu móti var komið í veg fyrir þíókrómmyndun og fengið áreiðanlegra blankgildi.

Þíamíngildi fyrir hangikjöt eru fengin með aðferð 2 en aðrar niðurstöður með aðferð 1.

Steinefni

Steinefni voru mæld eftir að sýnin höfðu verið brennd og askan leyst upp í sýru. Að nokkru leyti var byggt á aðferð fyrir járn, kopar og zink frá Food R.A. (4). Fosfór var mældur með litmælingu, en önnur steinefni með atómgleypnimælingu.

Af blönduðum kjötsýnum voru vigtuð 6 g í Pyrex bikarglas. Bætt var í um 10 ml af etanóli og blandað með glerstaf. Etanólið var gufað burt á vatnsbaði, sýnið hitað á rafmagnshellu þar til hætti að rjúka og loks var sýnið sett í glæðiofn við 200°C. Brennt var yfir nótt við 500°C. Þegar askan hafði kólnað var bætt í litlu magni af eimuðu vatni og fullsterkri saltpéturs-sýru. Sýnið var þurrkað á vatnsbaði og síðan brennt við 500°C í um 1 klst. Askan var þá orðin hvít- eða gráleit. Bætt var í 10 ml af sýru (100 ml fullsterk saltsýra og 100 ml fullsterk saltpéturssýra þynnt í 1 l). Hitað var á vatnsbaði þar til askan leystist upp. Öskulausnin var síðan flutt í 100 ml mæliflösku. Venjulega leystist askan fullkomlega upp en ef hún gerði það ekki var öskulausnin síuð gegnum öskulausan pappír.

Kopar var mældur beint í öskulausn. Notuð var grafitkúvetta frá Perkin Elmer með Perkin Elmer HGA 400 stjórnbörði. Atómgleypnimælir var frá Perkin Elmer, gerð 2380. Argon gas var leitt gegnum grafitkúvettu. Tafla 2 sýnir stillingar í hverju þrepi í koparmælingunni. Kúvetta (grafitrör) var húðuð (pyrolytically coated). Í kúvettuna var pípetterað 40 µl af öskulausn. Við koparmælingu var tæki stillt á "background correction".

Tafla 2 Koparmæling.

	Þrep			
	1	2	3	4
	<u>Þurrkun</u>	<u>Öskun</u>	<u>Atómisering</u>	<u>Eftirbrensla</u>
Hitastig, °C	120	950	2250	2700
Hitunartími, sek	2	1	0	1
Tími við fast hitastig, sek	30	20	9	3

Flæði á argongasi var stöðvað í þrepi 3. Gleypnimælir var látinn mæla í þrepi 3. Riti var tengdur í þrepum 2,3 og 4.

Járn og Zink var hægt að mæla með lögumælingu á sama atómgleyfnitæki og notað var fyrir kopar. Járn var mælt við 248 eða 252 nm og zink við 214 nm.

Síðan var öskulausnin þynnt tíu sinnum. Bætt var í lanþaníum-tríklóríð lausn þannig að styrkur lanþaníum var 0,1%. Mæling var gerð á kalki við 423 nm, magníum við 285 nm og kalíum við 770 nm.

Þynnt var aftur tuttugu sinnum fyrir natríum mælingu. Natríum var þannig mælt í 200 faldri þynningu á öskulausn. Bætt var í kalíumklóríðlausn þannig að styrkur kalíums var 0.1%. Mælt var við 589 nm.

Þrjár staðlar voru notaðir fyrir hvert efni. Staðlar innihéldu sama magn af sýru, lanþaníum og kalíum og sýni. Tækið var látið leiðrétta fyrir frávik frá línulegu sambandi þegar á þurfti að halda.

Í blanklausnir var bætt sama magni af sýru og söltum og í sýni.

Í hvert skipti sem sýni voru undirbúin til mælingar, var tekið með viðmiðunarsýni (undanrennuduft) og tómasýni.

Í öllum mælingum í loga var notaður "flow spoiler".

4. ÆTIDANLEIKI OG NÁKVÆMNI Í MÆLINGUM.

Vegna mikils fjölda sýna var aðalreglan sú að gera eina mælingu á hverju sýni. Fyrir allar mæliaðferðir voru þó í byrjun gerðar tvær eða fleiri mælingar á hverju sýni.

Tafla 4 sýnir niðurstöður margra mælinga á sama sýni úr sömu keyrslu. Breytileikinn sem þar kemur fram er dæmigerður fyrir verkefnið í heild. Sérstök útvigtun er fyrir hverja mæliniðurstöðu.

Summa fyrir mæliniðurstöður á aðalefnum (hvíta, fita, kolvetni, aska og vatn) var reiknuð fyrir hvert sýni. Nokkur dreifing er á þessum gildum fyrir summuna enda eru sýnin mjög ólík og blöndun þeirra er lykilatriði til að fá summuna sem næst 100. Vonast var til að summan yrði $100 \pm 3\%$. Í reynd urðu nær öll gildin fyrir summuna á bilinu 97 - 101 %. Meðaltal fyrir öll sýni var 99,0 %. Summumeðaltöl fyrir einstakar tegundir afurða voru : Fyrir skinku, niðursoðna lifrarkæfu og svið 100,4 - 100,6 %. Fyrir sviðasultu, kjötfars og malakoff 99,5 %. Fyrir saltkjöt, kindabjúgu, beikon, kjötbúðing og rúllupylsu var meðaltalið 99,0 - 99,4 %. Fyrir kálfa-bjúgu, hangikjöt og kindakæfu var meðaltalið 98,9 %. Fyrir vinarpylsur og súran blóðmör var það 98,6 %. Fyrir blóðmör, lifrarkæfu, lifrarpylsu og súrsaða lifrarpylsu var meðaltalið 97,5 %. Loks var meðaltalið 97,1 % fyrir súrsaða sviðasultu og 96,8 % fyrir spægipylsu.

Hvíta

Tafla 3 sýnir allgott samræmi milli mælinga á þremur stofnunum. Viðmiðunarsýni var mælt í hvert skipti.

Tafla 3., Samanburður á hvítumælingum.

Sýni	% Hvíta		
	RALA	RAFI	LSK
Hangikjöt 1	19.2	20.0	
Hangikjöt 2	14.6		14.94
Vínarpylsur	11.6	11.4	11.63
Nýtt lambalæri	19.9	20.0	19.94
Lambalifur	21.7	22.9	22.94

RALA : Rannsóknastofnun landbúnaðarins, RAFI : Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, LSK : Landbrugsministeriets slagteri- og konserverlaboratorium, Kaupmannahöfn.

Tafla 4. Athugun á mæliaðferðum.

Næringarefni	Sýni	Fjöldi mælinga	Meðal- tal	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðal frávik σ_{n-1}
Orkuefni						
Hvíta %	A	10	20.72	20.36	21.05	0.223
	B	10	12.09	11.65	12.36	0.217
Fita %	A	12	5.02	4.88	5.13	0.091
	B	12	23.73	22.99	24.35	0.395
Kolvetni %	B	10	6.90	6.27	7.28	0.305
Salt %	A	9	2.29	2.21	2.37	0.051
	B	7	1.85	1.82	1.89	0.025
Purrefni %	C	8	41.91	41.83	41.98	0.0472
Aska %	A	9	3.49	3.44	3.57	0.050
	B	7	2.76	2.75	2.78	0.011
Vítamín, mg/100g						
Þíamín	A	6	0.416	0.411	0.423	0.0034
	B	6	0.069	0.065	0.074	0.0033
Ríbóflavín	A	6	0.215	0.206	0.228	0.0092
	B	4	0.154	0.149	0.162	0.0057

Sýni A Skinka

B Vínarpylsur

C Malakoff

Tafla 4 frh. Athugun á mæliaðferðum.
Niðurstöður í mg/100 g fyrir steinefni og mg/kg fyrir
nítrat og nítrít.

Efni	Sýni	Fjöldi mælinga	Meðal- tal	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðal- frávik
Steinefni						
Kalk	A	6	68.0	63.4	71.7	2.72
	B	6	3.95	3.8	4.3	0.197
Magníum	A	6	14.8	14.6	15.1	0.183
	B	6	18.5	18.2	18.8	0.248
Fosfór	A	6	192	186	200	5.43
	B	6	157	150	164	5.18
Natríum	A	6	859	844	873	11.06
	B	6	873	844	888	15.51
Kalíum	A	6	224	204	240	15.0
	B	6	363	352	373	8.503
Járn	A	6	1.35	1.27	1.40	0.046
	B	6	1.00	0.98	1.04	0.0228
Zink	A	6	1.80	1.75	1.88	0.048
	B	6	2.85	2.77	2.93	0.0628
Kopar	A	5	0.123	0.097	0.146	0.0183
	B	6	0.064	0.062	0.067	0.00179
Nítrít og nítrat						
Nítrít	A	10	16	15	17	0.7
	B	6	29	28	30	0.8
Nítrat	B	6	177	160	199	18.7
	A	10	66	52	76	7.1

Sýni: A Skinka
 B Vínarpylsur

Fita

Nokkur samanburður er gefinn í töflu 5. Fremur lítið sýni var notað (2-3 g) og gerði það miklar kröfur til góðrar blöndunar á sýnunum.

Tafla 5. Samanburður á fitu- og kolvetnamælingum.

Sýni	% Fita		% Kolvetni	
	RALA	LSK	RALA	LSK
Hangikjöt	15.8	15.8		0
Vínarpylsur			6.7	6.4
Nýtt lambalæri	10.9	11.9		0
Lambalifur			0.97	0.5

LSK: Landbrugsministeriets slagteri- og konserverlaboratorium, Kaupmannahöfn.

Kolvetni

Tafla 5 sýnir samanburð á kolvetnamælingum í vínarpylsum og lambalifur.

Í lifrinni er eingöngu verið að mæla magn glykógens en í vínarpylsum er sterkja yfirgnæfandi þáttur.

Glykógenið er mun greinóttari fjölsykra en sterkjan. Vatnsrof þess verður þess vegna ekki eins fullkomið. Sterkjan brotnar heldur ekki alveg niður.

LSK nota glúkósu í sína staðla. RALA notaði aftur á móti sterkju. Með notkun glúkósu í staðla er verið að gera ráð fyrir því að niðurbrot glykogens og sterkju sé algert. Að okkar áliti er það of mikil einföldun.

Aska.

Tafla 4 sýnir að breytileiki í mælingum á sama sýni er ekki mikill. Öskumælingar voru einnig gerðar með nokkuð annarri aðferð þegar steinefnamælingar voru gerðar. Báðum aðferðum bar vel saman.

Salt.

Heimtur á klóríðjónum eftir brennslu við 525°C voru í lagi. Þetta var mælt með því að þurrka og brenna natríumklóríð staðal.

Þurrefni.

Þurrkunin var mjög rækileg (með sandi) og í langan tíma. Nokkru styttri þurrktími fyrir fituríkt sýni gaf sömu niðurstöðu, svo ætla má að ekki sé um tap á fitu að ræða.

Nítrat og nítrít.

Breytileiki í nítrítmælingum er ekki mikill, en hins vegar verulegar fyrir nítrat (Tafla 4). Endurheimtur á viðbættu nítríti úr sýni eru góðar (um 90%). Endurheimtur fyrir nítrat vantar, en vitað er að þær geta verið breytilegar (9). Tafla 6 sýnir samanburð á nítrítmælingum á RALA og í Kaupmannahöfn. Erlendu niðurstöðurnar eru nokkru lægri og gæti þar verið um eðlilega eyðingu nítríts að ræða þar sem mælingin var gerð síðar og frosið sýnið hefur að einhverju leyti þiðnað á leiðinni.

Tafla 6. Samanburður á nítrítmælingum

Sýni	mg natríumnítrít/kg	
	RALA	LSK
Hangikjöt	3,7	0
Vínarpylsur	34	29
Nýtt lambalæri		0
Lambalífur		0

LSK: Landbrugsministeriets slagteri- og konserverlaboratorium,
Kaupmannahöfn.

Lakari niðurstöður fyrir nítrat eru vegna notkunar á kadmíumsúlunni.

Ríbóflavín.

Í byrjun mælinga reyndist ytri staðall gefa svipaðar niðurstöður og innri staðall. Ytri staðall er að öllum líkindum ekki eins öruggur og breytileikinn er hér meiri en fyrir mjólk. Kjætsýnin eru heldur ekki eins hómógen.

Endurheimtur fyrir tvö sýni eru innan eðlilegra marka (Tafla 7).

Þíamín.

Endurheimtur fyrir þíamínstaðal úr sýni eru háar fyrir aðferð 1, 103-128%.

Æskilegast hefði verið að mæla öll sýnin með aðferð 2 eða hreinsa þau á súlu. Því gæti verið um nokkurt ofmat á þíamíni að ræða og því helst fyrir reyktar afurðir sb. hangikjöt sem mældist of hátt með aðferð 1.

Aðalsteinefni.

Endurheimtur eru mjög góðar eða nálægt 100%. (Tafla 7).

Tafla 8 sýnir niðurstöður mælinga á staðalsýni með þekkt steinefnainnihald. Sýnið var þurrkuð nautgripalífur frá National Bureau of Standards. Niðurstöður liggja nálægt þekktum gildum, en niðurstöður okkar fyrir kalk eru nokkuð lægri og ein mæling á natríum nokkuð hærri. Þar gæti þó verið um natríum mengun frá gleríláti að ræða.

Í hverri keyrslu var mælt í undanrennudufti til að fylgjast með hvort eitthvað færi úrskaiðis. Einnig var alltaf tekið með tómasýni og var að jafnaði ekkert mælanlegt í því.

Snefilsteinefni.

Ekki var hægt að nota magnesíum nítrat til að draga úr tapi á snefilsteinefnum. Mest hætta á tapi var við fitubrennslu á rafmagnshellu og við brennslu í glæðiofni yfir nótt. Reynt var að framkvæma fitubrennsluna mjög varlega. Endurheimtur fyrir járn og zink urðu góðar en nokkru lakari fyrir kopar eða

Tafla 7.

Endurheimtur.

Efni	% Heimtur úr í láti		% Heimtur úr sýni		
	Mælingar	Meðaltöl	Sýni	Mælingar	Meðaltöl
Steinefni					
Kalk	99 99	99	A	100 104	102
Magníum	103		A	96 94	95
Fosfór	101				
Natríum	93 94 101	96			
Kalíum	97 98	98	A	99 98	99
Járn	98 90 85	91	B	101 98	100
Zink	95		B	99 100	100
Kopar	75 95 83	84	B	90 80	85
Aukefni					
Nítrít			C	88 93	91
			D	89 90	90
Vítamín					
Bíamín			E	128	
			F	103	
			G	113 116	115
Ríbóflavín			E	110	
			B	94	

Sýni: A Spægipylsa C Lifrarpylsa E Svið
 B Vínarpylsur D Lifrarkæfa F Saltkjöt
 G Kindakæfa

Tafla 8. Steinefnaeiningar á staðalsýni ¹⁾, mg/100 g.

Næringarefni	Mælt á RALA					Mælingar	Meðaltöl	Þekkt gildi	Mismunur%
Kalk	11.5	11.3				11.4	12.0	+ 0.7	-5
Magníum	59.7	59.4	60.4	60.1	60.7	60.1	60.0	+ 1.5	+0.2
Posfór	1130	1130	1150			1140	1110	+40	+4
Natríum	240	266	297	238		260	243	+13	+7
Kalíum	993	944	993	989		980	996	+ 7	-2
Járn	20.7	20.1	18.9	18.8	19.3	19.6	19.4	+ 2.0	+1
Zink	12.4	12.6	12.3	12.3		12.4	12.3	+ 0.8	+0.8
Kopar	14.6	14.5	17.8	17.9		16.2	15.8	+ 0.7	+3

1) Nautgripalifur nr. 1577a frá National Bureau of Standards.

um 85% (Tafla 7). Staðalsýni kemur vel út fyrir járn og zink en koparniðurstöður eru breytilegri (Tafla 8). Tafla 9 sýnir samanburð á snefilsteinefnum hjá RALA og RAFI. Á RAFI var notuð votoxun (suða í saltnétursýru) við undirbúning sýna. Eins og við er að búast eru okkar mælingar nokkru lægri nema fyrir járn. Samræmið er þó viðunandi miðað við mjög ólíkar aðferðir.

Tafla 9. Snefilsteinefni, mg/100 g.

<u>Efni</u>	<u>Nýtt lambalæri</u>		<u>* Hangikjöt</u>	
	<u>RALA</u>	<u>RAFI</u>	<u>RALA</u>	<u>RAFI</u>
Zink	2.83	3.20	2.19	2.64
Járn	1.81	1.77	1.60	1.36
Kopar	0.10	0.13	0.08	0.10

Mengun af snefilsteinefnum virðist ekki hafa verið vandamál miðað við þær varúðarráðstafanir sem gerðar voru við mælingu og jöfnun sýna.

5. TÖLFRÆDILEGT UPPGJÖR

Minitab tölfræðikerfið í tölvu RaLa var notað við uppgjör á mæliniðurstöðum (10).

Einþátta ferveikagreining (one way analysis of variance) var notuð til að kanna mismun á gildum fyrir einstaka framleiðendur. Töflur úr Statistical Methods, 6. útgáfu, eftir George W. Snedecor og William G. Cochran voru notaðar við ákvörðun á marktækum mun milli framleiðanda (11).

Samtal forritið í tölvu RaLa var notað til að reikna út meðaltöl og meðalfrávik fyrir einstaka framleiðendur.

6. NIÐURSTÖÐUR

Í þessum kafla verður gefið yfirlit yfir þær niðurstöður sem fengist hafa í þessari rannsókn.

Í tölflum 10 til 12 eru dregin saman meðaltöl fyrir hin ýmsu næringarefni í afurðunum. Í næstu þrem tölflum er sýnt fyrir hvaða næringarefni og afurðir er marktækur munur milli framleiðenda.

Niðurstöður ferveikagreininga þar sem athuguð voru áhrif framleiðenda á efnasamsetningu kjötafurðanna eru birtar í viðauka. Þar eru sýnd 95% þryggis- mörk fyrir einstaka framleiðendur sem byggð eru á sameiginlegu meðalfráviki sem sýna breytileikann á lögunum framleiðendanna og skekkjuna við mælingarnar. Á síðunum við hliðina eru svo birtar niðurstöður einstakra mælinga ásamt meðaltölum fyrir hvern framleiðenda og raunveruleg meðalfrávik þeirra.

Þar sem fjöldi sýna var takmarkaður verður að taka niðurstöðum ferveikagreiningarinnar og öllum fullyrðingum um sveiflur í lögunum með þó nokkurri varúð.

Í þessum kafla hefur verið reynt að skipta kjötvörum í eftirfarandi flokka.

I. Farsvörur.

Heildargreining: Kindabjúgu og vínarpylsur.

Grófgreining: Kjötffars, kjötbúðingur og kálfabjúgu.

II. Álegg.

Heildargreining: Kindakæfa og lifrarkæfa.

Grófgreining: Hanigálegg, skinka, malakoff, rúllupylsa, spægipylsa og niðursoðin lifrarkæfa.

III. Söltuð hrávara.

Heildargreining: Hangikjöt og saltkjöt.

Grófgreining: Beikon.

IV. Svið, slátur.

Heildargreining: Svið, sviðasulta, súrsuð sviðasulta, blóðmör, súrsaður blóðmör, lifrarpylsa og súrsuð lifrarpylsa.

Tafla 10. Mæðaltöl allra mælinga á orkuefnum, ösku, burrefni, salti, níttrati og níttríti.

Afurð	Fjöldi sýna	Orkuefni g/100 g			g/100 g			Aukefni mg/kg	
		Hvíta	Fita	Kolvetni	Aska	^{TORRETTAF} burrefni	Salt	Níttrat	Níttríti
FARSVÖRUR									
Kindabjúgu	13	12.6	23.8	5.68	2.96	45.7	1.85	159	12
Vínarpylsur	12	11.2	20.6	5.85	2.83	42.0	1.75	161	15
Kjöttfars	16	9.91	12.5	8.25	2.50	33.7	1.46	149	19
Kjötbúðingur	12	10.3	12.3	7.78	2.67	34.0	1.91	169	17
Kálfabjúgu	4	10.9	18.4	3.85	1.99	36.2	1.07	120	7.0
ÁLEGG									
Kindakæfa	9	15.2	34.3	0.68	2.93	53.9	2.32	159	0.28
Lifrarækæfa	8	10.6	21.2	7.68	2.90	44.8	1.78	283	9.5
Hangiálegg	12	20.9	19.5	EM 1)	4.04	45.1	3.54	91	23
Skinka	12	18.7	6.87	EM	3.15	28.3	2.10	70	18
Malakoff	12	11.0	20.5	6.85	2.85	41.6	1.75	126	16
Rúllupylsa	12	18.0	29.3	EM	3.96	52.1	3.33	92	17
Spægipylsa	12	15.6	39.4	EM	5.72	63.9	5.00	101	3.5
Niðursoðin lifrarækæfa	5	9.89	21.8	3.53	2.38	37.2	1.51	173	9.0

1) EM : ekki malt

Tafla 11. Meðaltöl allra mælinga á orkuefnum, ösku, þurrefni, salti, nítрати og nítрати.

Afurð	Fjöldi sýna		Orkuefni g/100 g		g/100 g		Aukefni mg/kg	
	Hvíta	Fita	Kolvetni	Aska	Þurrefni	Salt	Nítрати Nítрати	
SÖLTUÐ HRÁVARA								
Hangikjöt	12	18.0	15.1	EM ¹⁾	4.57	38.7	3.66	128 30
Saltkjöt	12	12.7	18.6	EM	5.47	37.8	4.54	215 87
Beikon	12	12.9	36.6	EM	3.03	53.3	2.69	71 4.8
SVID OG SLÁTUR								
Svið	8	19.4	22.1	EM	0.63	41.5	0.02	196 0.38
Sviðasulta	10	14.4	8.64	EM	1.83	25.2	1.43	127 0.23
Súrsum sviðasulta	2	12.8	5.29	EM	1.09	22.2	0.56	70 0
Blóðmör	10	7.92	22.6	17.5	1.60	52.1	1.07	234 0.20
Súrsum blóðmör	3	8.29	22.7	15.1	0.87	48.3	0.34	227 0
Lifrarpylsa	12	8.57	16.8	18.0	1.65	47.6	0.72	347 0.65
Súrsum lifrarpylsa	3	7.69	14.2	15.6	0.98	41.1	0.21	244 0.63

1) EM : ekki mælt

Tafla 12 .

Meðaltöl allra mælinga á vítamínum og steinefnum.

Afurð	Fjöldi sýna	Vítamín,mg/100g		Aðalsteinefni, mg/100 g				Snefilst, mg/100g			
		B ₁	B ₂	Ca	Mg	K	Na	P	Fe	Zn	Cu
FARSVÖRUR											
Kindabjúga	13	0.12	0.17	17.3	16.0	209	978	207	1.95	2.42	0.09
Vínarpylsur	12	0.12	0.18	67.5	16.3	232	863	194	1.38	1.90	0.08
ÁLEGG											
Kindakæfa	9	0.03	0.12	29.0	12.2	150	1010	97.2	1.16	2.78	0.08
Lifrarækæfa	8	0.18	1.22	69.8	15.3	218	907	177	4.45	2.38	0.94
SÖLTUD HRÁVARA											
Hangikjöt	12	0.09	0.29	9.62	19.0	239	1560	137	1.91	2.64	0.10
Saltkjöt	12	0.08	0.16	12.9	11.2	154	1900	96.8	1.01	2.45	0.07
SVID OG SLÁTUR											
Svið	8	0.09	0.33	28.8	13.8	95.5	74.3	128	2.80	1.77	0.14
Sviðasulta	10	0.04	0.16	11.0	7.50	58.7	682	61.5	1.60	1.20	0.10
Súrsuð sviðasulta	2	0.02	0.20	76.4	7.80	108	273	80.0	1.35	0.94	0.10
Blóðmör	10	0.05	0.04	14.9	23.2	103	513	85.0	14.6	0.76	0.11
Súrsuður blóðmör	3	0.03	0.20	55.0	12.1	89.3	178	72.3	15.2	0.74	0.10
Lifrarpylsa	12	0.14	0.98	32.5	26.4	142	477	169	4.85	1.65	0.85
Súrsuð lifrarpylsa	3	0.08	0.85	59.9	14.6	103	222	147	3.63	1.33	0.88

SKÝRINGAR : B₁ : þiamín, B₂ : ribóflavín, Ca : kalk, Mg : magníum, K : kalíum, Na : natríum,

P : fosfór, Fe : járn, Zn : zink, Cu : kopar.

Tafla 13. Niðurstöður ferveikagreininga fyrir samanburð á framleiðendum.

	Hvíta	Píta	Kolvetni	Þurrefni	Aska	Salt	Nítrat	Nítrít
FARSVÖRUR								
Kindabjúgu	**	**	**	**				*
Vínarpylsur	**	**	**	**	**	**		**
Kjötfars	**	**		**	**	**		*
Kjötbóingur	**	**	*	**		*		
ALEGG								
Kindakæfa		*		**				*
Lifvarkæfa	**			**				**
Hangiálegg				*				
Skinka	**			*				
Malakoff	**		**		**	**		*
Ríllupylsa		**		*	**	**		**
Spagipylsa	*	*		*	**	**		**
Niðursóðin lifvarkæfa		*		*				

* Marktakur munur í 95% tilfella

** Marktakur munur í 99% tilfella

Tafla 14. Niðurstöður ferveikagreininga fyrir samanburð á framleiðendum.

Hvíta Fita Fita Kolvetni Furrefni Aska Salt Nítrat Nítrít

SÖLTUÐ HRÁVARA

Hangkjöt
Saltkjöt
Beikon

SVIÐ OG SLÁTUR

Svið
Sviðasulta
Blóðmör
Súrsabur blóðmör
Lifrabrylsa
Súrsuð lifrabrylsa

** **
** **
** **
** **
* *
** **
** **
** **
* *
** **
** **
* *

* Marktakur munur í 95% tilfella

** Marktakur munur í 99% tilfella

Tafla 15. Niðurstöður fervikagreininga fyrir samanburð á framleiðendum.

	Kalk	Magníum	Natríum	Kalíum	Posfór	Járn	Zink	Kopar	Þíamín	Ríboflavín
PARSVÖRUR										
Kirðabjúga	**	**				*	**	**	**	
Vínarpylsur	*	**			*	**	**	*	*	
ÁLEGG										
Kindakæfa	**	**			**	**	**	**	*	*
Lifrakæfa	**	**		*	**	*	*	**	*	**
SÖLTUE HRÁVARA										
Hangikjöt	*	**		**	*	*	**	*	*	*
Saltkjöt	**	**		**		*			*	**
SVIÐ OG SLÁTUR										
Svið		*							*	**
Sviðasulta		**			**				**	**
Blóðmör	**			**			**		**	
Súrsæður blóðmör	*									*
Lifrapylsa	**				*					
Súrsuð lifrapylsa	*									

* Marktakur munur í 95% tilfella

** Marktakur munur í 99% tilfella

I. FARSVÖRUR.

Þurrefni var að meðaltali 45,7% í kindabjúgum, 42,0% í vínarpylsum, 33,7% í kjötfarsi, 34% í kjötbúðingi og 36,2% í kálfabjúgum.

Marktækur munur var milli framleiðenda á magni þurrefnis í vínarpylsum, kindabjúgum og kjötfarsi. Þurrefnið var nokkuð breytilegt hjá einstökum framleiðendum.

Hvíta var að meðaltali 12,6% í kindabjúgum, 11,2% í vínarpylsum, 9,91% í kjötfarsi, 10,3% í kjötbúðingi og 10,9% í kálfabjúgum.

Fita var að meðaltali 23,8% í kindabjúgum, 20,6% í vínarpylsum, 12,5% í kjötfarsi, 12,3% í kjötbúðingi og 18,4% í kjötbúðingi.

Kolvetni voru að meðaltali 5,67% í kindabjúgum, 5,85% í vínarpylsum, 8,25% í kjötfarsi, 7,78% í kjötbúðingi og 3,85% í kálfabjúgum.

Marktækur munur var á milli framleiðenda á magni hvítu, fitu og kolvetna í kindabjúgum, vínarpylsum og kjötbúðingi.

Marktækur munur var á milli framleiðenda á magni hvítu og fitu í kjötfarsi. Þannig er fitan að meðaltali 7,4% hjá fyrsta framleiðanda, 13,5% hjá öðrum framleiðanda, 18,0% hjá þriðja framleiðanda og 11,2% hjá fjórða framleiðandanum.

Marktækur munur á milli framleiðenda bendir til að meiri breytileiki sé á milli þeirra en á milli lagana. Samt sem áður getur verið um tölverðan mun á lögnum að ræða.

Salt var að meðaltali 1,85% í kindabjúgum, 1,75% í vínarpylsum, 1,46% í kjötfarsi, 1,91% í kjötbúðingi og 1,07% í kálfabjúgum.

Marktækur munur var á milli framleiðenda í magni salts í vínarpylsum, kjötfarsi og kjötbúðingi.

Nítrat (Kálfum nítrat) var að meðaltali 159 mg/kg í kindabjúgum, 161 mg/kg í vínarpylsum, 149 mg/kg í kjötfarsi

og 120 mg/kg í kálfabjúgum. Miklar sveiflur voru á magni nítrats hjá öllum framleiðendum.

Nítrít (Natríum nítrít) var að meðaltali 12 mg/kg í kindabjúgum, 15 mg/kg í vínarpylsum, 19 mg/kg í kjötfarsi, 17 mg/kg í kjötbúðingi og 7,0 mg/kg í kálfabjúgum.

Marktækur munur var á milli framleiðenda á magni nítríts í kindabjúgum, kjötfarsi og kjötbúðingi þrátt fyrir miklar sveiflur hjá hverjum framleiðanda.

Magn nítrats og nítríts var alls staðar vel undir leyfilegu hámarki (100 mg/kg nítrít og 500 mg/kg nítrat skv. reglugerð um íblöndun nítríta og nítrata í kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir).

Steinefni og vítamín voru mæld í kindabjúgum og vínarpylsum. Meðaltöl mælinganna voru mjög svipuð fyrir báðar vörurnar nema að kalkmagnið í vínarpylsumum var mun herra en í kindabjúgunum (67,5 mg/100g á móti 17,3 mg/100g), magn járns var meira í kindabjúgum en vínarpylsumum (1,95 mg/100g á móti 1,38 mg/100g) og magn zinks var meira í kindabjúgum en vínarpylsumum (2,42 mg/100g á móti 1,90 mg/100g).

Marktækur munur var á milli framleiðenda á magni kalks og magníums, járns, zinks, B₁-vítamíns og kopars í kindabjúgum.

Marktækur munur var á magni magníums, fosfórs, kalks, járns, zinks, kopars og B₁ vítamíns í vínarpylsum.

Töluverðar sveiflur voru í magni þessara efna hjá framleiðendum.

II. ÁLEGG.

Purrefni var að meðaltali 53,9% í kindakæfu, 44,8% í lifrarkæfu, 45,1% í hangiáleggi, 28,3% í skinku, 41,6% í malakoffi, 52,1% í rúllupylsu, 63,9% í spægipylsu og 37,2% í niðursoðinni lifrarkæfu.

Hátt purrefni í kindakæfu, rúllupylsu og spægipylsu byggist að mestu á mikilli fitu í þessum afurðum. Marktakur munur var á milli framleiðenda á purrefni í öllum áleggs- tegundunum nema malakoffi. Töluverðar sveiflur voru á lögun- um framleiðenda á hangikjöti, rúllupylsu, spægipylsu, mala- koffi og kindakæfu. Þessar sveiflur eru eðlilegar í vöðva- vörunum vegna mikils breytileika hráefnis en í áleggspylsunum og káfunni ætti að vera auðveldara að laga staðlaða vöru.

Hvíta var að meðaltali 15,2% í kindakæfu, 10,6% í lifrar- kæfu, 20,9% í hangiáleggi, 18,7% í skinku, 11,0% í malakoffi, 18,0% í rúllupylsu, 15,6% í spægipylsu og 9,89% í niðursoðinni lifrarkæfu.

Marktakur munur var á magni hvítu á milli framleiðenda í lifrarkæfu, skinku, malakoffi og spægipylsu. Í öðrum afurð- um voru sveiflur í magni hvítu meiri hjá hverjum framleiðanda en milli þeirra.

Fita var að meðaltali 34,3% í kindakæfu, 21,2% í lifrarkæfu, 19,5% í hangiáleggi, 6,9% í skinku, 20,5% í malakoffi, 29,3% í rúllupylsu, 39,3% í spægipylsu og 21,8% í niðursoðinni lifrar- kæfu.

Marktakur munur var á magni fitu á milli framleiðenda í spægipylsu, kindakæfu, rúllupylsu og niðursoðinni lifrarkæfu. Í öðrum afurðum voru sveiflur meiri hjá framleiðendum en milli þeirra.

Kolvetni voru að meðaltali 0,68% í kindakæfu, 7,68% í lifrarkæfu, 6,85% í malakoffi og 3,53% í niðursoðinni lifrar- kæfu.

Marktakur munur var á milli framleiðenda á magni kol- vetna í malakoffi. Þar voru kolvetni lægst 0,95% hjá einum framleiðanda og hæst 13,5% hjá öðrum framleiðanda.

Salt var að meðaltali 2,32% í kindakæfu, 1,78% í lifrarkæfu, 3,54% í hangiáleggi, 2,10% í skinku, 1,75% í malakoffi, 3,33% í rúllupylsu, 5,00% í spægipylsu og 1,51% í niðursoðinni lifrarkæfu.

Marktakur munur var á milli framleiðenda á magni salts í malakoffi, rúllupylsu og spægipylsu. Miklar sveiflur voru á saltmagni lagana framleiðenda sem skýra má út frá mismuni í fitu- og hvítumagni og breytilegum skilyrðum við söltun og reykingu.

Nítrat var að meðaltali 159 mg/kg í kindakæfu, 283 mg/kg í lifrarkæfu, 91 mg/kg í hangiáleggi, 70 mg/kg í skinku, 126 mg/kg í malkoffi, 92 mg/kg í rúllupylsu, 101 mg/kg í spægipylsu og 173 mg/kg í niðursoðinni lifrarkæfu.

Hvergi var um marktakan mun að ræða milli framleiðenda. Athygli vekur hve mikið nítrat er í lifrarafurðum. Nítratið er sennilega komið úr mjölvörðunum sem blandað var í vörurnar (3).

Steinefni og vítamín voru mæld í kindakæfu og lifrarkæfu.

Í kindakæfu voru að meðaltali 0,03 mg/100g af B₁-vítamíni, 0,12 mg/100g af B₂-vítamíni, 29 mg/100g af kalki, 12 mg/100g af magníum, 150 mg/100g af kalíum, 1000 mg/100g af natríum og 100 mg/100g fosfór, 1,2 mg/100g járn, 2,8mg/100 zink og 0,08 mg/100g kopar.

Í lifrarkæfu voru að meðaltali 0,18 mg/100g af B₁-vítamíni, 1,21 mg/100g af B₂-vítamíni, 70 mg/100g af kalki, 15 mg/100g af magníum, 220 mg/100g af kalíum, 900 mg/100g af natríum 180 mg/100g af fosfór, 4,5 mg/100g af járn, 2,4 mg/100g af zinki og 0,9mg/100g af kopar.

Afærmikill munur var á steinefna- og vítamínmagni þessara kjötvara og áberandi hve lifrarkæfan bar af að næringargildi.

Marktakur munur var á milli framleiðenda á magni B-vítamína, kalks, magníums, járn og zinks í kindakæfu.

Marktakur munur var á milli framleiðenda á magni B-vítamína, kalks, magníums, fosfórs, zinks og kopars og kalíums í lifrarkæfu.

III. SÜLTUÐ HRÁVARA.

Purrefni var að meðaltali 38,7% í hangikjöti, 37,8% í saltkjöti og 53,3% í beikoni.

Marktækur munur var á milli framleiðenda í purrefni í hangikjöti. Þennan mun má skýra með mismunandi fitumagni, mismunandi hráefni og mismunandi saltmagni, en hér ráða þó mestu mismunandi söltunaraðferðir.

Breytileiki í purrefni lagana fylgir sveiflum í fitumagni. Mismunur í fitumagni skýrir einnig mismunandi purrefnismagn í beikoni.

Hvíta var að meðaltali 18,0% í hangikjöti, 12,7% í saltkjöti, og 12,9% í beikoni. Marktækur munur var á milli framleiðenda á magni hvítu í hangikjöti og saltkjöti.

Fita var að meðaltali 15,1% í hangikjöti, 18,6% í saltkjöti og 36,6% í beikoni. Magn fitu var mjög breytilegt hjá hverjum framleiðanda. Munur milli lagana var allt að 70% sem sýnir vel sveiflurnar í samsetningu hráefnisins frá degi til dags.

Salt var að meðaltali 3,66% í hangikjöti, 4,54% í saltkjöti og 2,69% í beikoni. Lítil munur var á milli framleiðenda en miklar sveiflur á milli lagana hjá hverjum þeirra.

Nítrat var að meðaltali 128 mg/kg í hangikjöti, 215 mg/kg í saltkjöti og 71 mg/kg í beikoni.

Nítrít var að meðaltali 30 mg/kg í hangikjöti, 87 mg/kg í saltkjöti og 4,8 mg/kg í beikoni.

Marktækur munur var á milli framleiðenda á magni nítrats og nítríts í hangikjöti en miklar sveiflur voru í magni þessara efna í öllum afurðum í þessum flokki.

Steinefni og vítamín voru mæld í hangikjöti og saltkjöti. Þó nokkur munur var á magni allra steinefna í þessum afurðum.

Marktækur munur var á milli framleiðenda á magni allra vítamína og steinefna sem mæld voru í hangikjöti, nema á magni natríums.

Marktækur munur var á milli framleiðenda á magni B₁- og B₂-vítamína, kalks, magníums, kalíums og járns í saltkjöti.

IV. SVID OG SLÁTUR

Purrefni var að meðaltali 41,5% í sviðum, 25,2% í sviðasultu, 22,2% í súrsaðri sviðasultu, 52,1% í blóðmör, 48,3% í súrsuðum blóðmör, 47,6% í lifrarpylsu og 41,1% í súrsaðri lifrarpylsu.

Marktækur munur var á milli framleiðenda á purrefni í lifrarpylsu.

Marktækur munur var á purrefni í súrsaðri og ósúrsaðri lifrarpylsu. Purrefni lækkaði töluvert við súrsunina (sjá töflu 16).

Hvíta var að meðaltali 19,4% í sviðum, 14,4% í sviðasultu, 12,8% í súrsaðri sviðasultu, 7,9% í blóðmör, 8,3% í súrsuðum blóðmör, 8,6% í lifrarpylsu og 7,7% í súrsaðri lifrarpylsu.

Fita var að meðaltali 22,1% í sviðum, 8,6% í sviðasultu, 5,3% í súrsaðri sviðasultu, 22,6% í blóðmör, 22,7% í súrsuðum blóðmör, 16,8% í lifrarpylsu og 14,2% í súrsaðri lifrarpylsu.

Kolvetni voru að meðaltali 17,5% í blóðmör, 15,1% í súrsuðum blóðmör, 18,0% í lifrarpylsu og 15,6% í súrsaðri lifrarpylsu.

Marktækur munur var á milli framleiðenda á magni hvítu í blóðmör, fitu í sviðasultu, lifrarpylsu og blóðmör og kolvetna í blóðmör. Mikill breytileiki var á magni orkuefna í lögnum einstakra framleiðenda. Mestur var breytileikinn í fitu.

Salt var að meðaltali 0,02% í sviðum, 1,43% í sviðasultu, 0,56% í súrsaðri sviðasultu, 1,07% í blóðmör, 0,34% í súrsuðum blóðmör, 0,72% í lifrarpylsu og 0,21% í súrsaðri lifrarpylsu.

Marktækur munur var á milli framleiðenda á magni salts í lifrarpylsu. Marktækur munur var á saltmagni í súrsuðu og ósúrsuðu slátri. Við súrsunina virðist saltið minnka um rúmlega helming.

Nítrat var að meðaltali 196 mg/kg í sviðum, 127 mg/kg í sviðasultu, 70 mg/kg í súrsaðri sviðasultu, 234 mg/kg í blóðmör, 227 í súrsuðum blóðmör, 347 í lifrarpylsu og 244 mg/kg í súrsaðri lifrarpylsu.

Nítrít var 0-1 mg/kg í þessum afurðum.

